

✉ Re: Aðalskipulagsbreyting Grindavík - golfvöllur - hreinsivirk og stígar: Ósk um umsögn

Búið til	14.1.2022 14:19:24
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	14.1.2022 14:19:23
Tilheyrir	 202112-0007 - Aðalskipulagsbreyting Grindavík - golfvöllur - hreinsivirk og stígar: Ósk um umsögn

Efni

Re: Aðalskipulagsbreyting Grindavík - golfvöllur - hreinsivirk og stígar: Ósk um umsögn

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	14.1.2022 14:19:23	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	Atligeir@grindavik.is

Innihald

Góðan dag,

Meðfylgjandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Tilvísun í mál nr. 202112-0007 (IAS)

Vísað er til bréfs frá sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs Grindavíkurbæjar, dags. 2. desember 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna tillögu að breytingum á aðalskipulagi Grindavíkurbæjar 2018-2032 þar sem gert er ráð fyrir hreinsivirki fyrir skólp á hafnarsvæðinu við Eyjabakka og frárennislögn frá henni til suðurs á Hópsnesi og út í sjó. Þá er í tillögunni bætt við göngu- og reiðhjólástíg frá íbúðarsvæðum vestast í Grindavík inn á stíg með fram Nesvegi. Í tillögunni er jafnframt sett fram stækkun golfvallar við Húsatóftir í Grindavík.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillögurnar og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Hreinsivirki fyrir skólp og frárennislögn.

Hópsnes er hverfisverndað og þar er nútímahraun sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Einnig eru tjarnir og sjávarfitjar rétt við fyrirhugað framkvæmdasvæði. Þar sem fyrirhuguð frárennislögn liggur að mestu meðfram núverandi stígum ætti ekki að þurfa að raska tjörnunum eða sjávarfitjunum og rask á hrauni verður lítið. Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við þessa framkvæmd.

Göngu- og reiðhjólástígar vestast í Grindavík.

Stígarnir koma til með að liggja á nútímahraunum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Stígarnir eiga að liggja að mestu meðfram Nesvegi þar sem hraununum hefur þegar verið raskað og tengjast byggðinni á tveimur stöðum. Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við þessa framkvæmd.

Golfvöllurinn í Grindavík.

Stækka á golfvöllinn á dyngjuhrauni, um 13.600 ára gamalt, sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Hraunið er sandorpið og raskað að hluta og hefur því ekki hátt verndargildi. Haugsetja á 20.000 m³ af efni ofan á hraunið á 1 ha lands og nýta til landmótunar. Ekki er gott að sjá á skipulagsupprætti nákvæmlega hvar þessi stækkun verður en æskilegt er að hlífa eins og hægt er heillegum hraunhólum (rishólum) og opnum sprungum. Að öðru leyti gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemdir við þessa framkvæmd.

Sunnan við skipulagssvæðið, við Arfadalsvík, er svæði á náttúruminjaskrá, Strandsvæði vestan Grindavíkur, sem aðrar náttúruminjar (NMS nr. 105). Þetta svæði hefur mjög hátt verndargildi bæði hvað varðar fugla og vistgerðir. Þar er mikið og fjölskrúðugt fuglalíf allt árið um kring sem stafar af fjölbreyttri samsetningu vistgerða á svæðinu. Á strandsvæðinu eru tegundir á valista og vistgerðir sem njóta sérstakrar verndar og eru skilgreindar sem forgangsvistgerðir.

Taka þarf tillit til þessa svæðis á náttúruminjaskrá og gæta þess að stækkun golfvallar hafi ekki áhrif á sérstakt lífríkið í næsta nágrenni.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í mats- eða skipulagsvinnu byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Virðingarfyllt,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is \(https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.ni.is%2F&data=04%7C01%7Csigmar.metusalemsson%40epla.is%7C84a7452e3a304557d78408d997b9123a%7C2335d9ba1c704058a8ae0dbf4f1d91c5%7C1%7C1%7C637707643402188605%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiil6lk1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000&sdata=ILEjdR0Hqll1ckP%2FSWTUnR3sqdR6LQvynkSLRNy%2BdfM%3D&reserved=0\)](https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.ni.is%2F&data=04%7C01%7Csigmar.metusalemsson%40epla.is%7C84a7452e3a304557d78408d997b9123a%7C2335d9ba1c704058a8ae0dbf4f1d91c5%7C1%7C1%7C637707643402188605%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiil6lk1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000&sdata=ILEjdR0Hqll1ckP%2FSWTUnR3sqdR6LQvynkSLRNy%2BdfM%3D&reserved=0)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Atli Geir Júlíusson" <Atligeir@grindavik.is>

To:

Subject: Aðalskipulagsbreyting Grindavík - golfvöllur - hreinsivirk og stígar: Ósk um umsögn

Date: 2.12.2021 15:58:41

Sæl/sæll,

Óskað er umsagnar vegna eftirfarandi aðalskipulagsbreytingar:

Nýtt hreinsivirki og frárennislögn, göngu- og reiðhjólástígur og stækkun golfvallar í Grindavík. Breytt aðalskipulag.

Bæjarstjórn samþykkti á fundi þann 26. október 2021 að auglýsa í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillögu að breyttu aðalskipulagi Grindavíkurbæjar 2018-2032. Í tillögunni er gert ráð fyrir hreinsivirki fyrir skólþ á hafnarsvæðinu við Eyjabakka og frárennislögn frá henni til suðurs á Hópsnesi og út í sjó. Þá er í tillögunni bætt við göngu- og reiðhjólástíg frá íbúðarsvæðum vestast í Grindavík inn á stíg með fram Nesvegi. Í tillögunni er jafnframt sett fram stækkun golfvallar við Húsatóftir í Grindavík. Nánar um tillöguna er vísað til kynningargagna á heimasíðu sveitarfélagsins.

Kynningargögn vegna ofangreindrar tillögu má sjá í viðhengi ásamt því að tillagan eru aðgengilegar á heimsíðu og í afgreiðslu bæjarskrifstofu Grindavíkurbæjar að Víkurbraut 62 (2.hæð) frá kl. 8:00 til 15:00 á þriðjudögum og fimmtudögum og frá kl. 9:30 til 15:00 á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum.

Umsögn, athugasemdir eða ábendingar skal senda skriflega á netfangið atligeir@grindavik.is (mailto:atligeir@grindavik.is) eða til Grindavíkurbæjar, Víkurbraut 62, 240 Grindavík eigi síðar en **14.janúar 2022**.

Erindi þetta verður eingöngu sent í tölvupósti.

Bið ykkur að staðfesta móttöku.

Með kveðju/ Kind regards,

Atli Geir Júlíusson

Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs



Jafnræði, jákvæðni, þekking, framsækni og traust

Grindavíkurbær

Víkurbraut 62

240 Grindavík

Sími/Tel. (+354) 420 1100

GSM:898-2854

atligeir@grindavik.is (mailto:atligeir@grindavik.is)

www.grindavik.is (http://www.grindavik.is/)

Fyrirvari/Disclaimer - www.grindavik.is/fyrirvari (http://www.grindavik.is/fyrirvari)

Viðhengi

image002.png (11 KB)

image001.png (8 KB)